

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

- Að Austurstræti verði göngugata til 1. október 2024.
- Að Vallarstræti vestan Veltusunds verði göngugata til 1. október 2024.
- Að Veltusund verði göngugata til 1. október 2024.
- Að Pósthússtræti verði vistgata til 1. október 2024.
- Að eitt bifreiðastæði í Hafnarstræti verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
- Að eitt bifreiðastæði í Pósthússtræti verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Jafnframt hefur samgöngustjóri, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

- Að nyrsti hluti botnlanga Þorfinnsgötu verði merktur sem svæði þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð, snúningshaus.
- Að í Fellsmúla, við hús sem tilheyrir Grensásvegi nr. 16A, verði merkt biðstöð hóp bifreiða, safnstæði.
- Að eitt bifreiðastæði við Ránargötu 35 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum á svæði sem afmarkast af Freyjutorgi, á mótum Freyjubrunns, Gefjunarbrunnis og Sifjarbrunnis.
- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum í norðurkanti Arkarvogs.
- Að bifreiðastæði við Guðrúnartún verði merkt sem stæði fyrir lögreglu og sjúkrabíla.
- Að bifreiðastæði við Klapparstíg 3 hafi 15 mínútna hámarkstíma.
- Að eitt bifreiðastæði við Dugguvog verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Skrifstofu stjórnýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, 4. júlí 2024.

Jóhanna Guðjónsdóttir lögfræðingur.

B-deild – Útgáfudagur: 18. júlí 2024